



Bæjarráð Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi
210 Garðabær

Garðabæ, 08.01.2016

Efni: Viðburður körfuknattleiksdeildar Stjörnunnar í Ásgarði

Ágæta Bæjarráð.

Vísað er til bréfs okkar frá 22.09.2015 sem er meðfylgjandi.

Nú er komin upp sú staða að Körfuknattleiksdeild Stjörnunnar bíðst annað samskonar verkefni á föstudeginum fyrir árshátíð Marels á laugardegi. Mikil samlegðaráhrif og hagræði felast í þessu fyrir deildina og viðbótartekjumöguleikar eru umtalsverðir.

Körfuknattleiksdeild Stjörnunnar óskar því með bréfi þessu eftir því við bæjarráð Garðabæjar að fá að nýta Íþróttahúsið við Ásgarð til sérstakrar fjáröflunar fyrir deildina föstudaginn 26. og laugardaginn 27. febrúar 2016.

Möguleg áhrif viðburðarins.

Nauðsynlegt er að félagið fái stóra salinn til afnota á fimmtudagskvöldi til undirbúnings og salnum verður skilað um hádegi á sunnudegi. Félagið hefur átt samtal við íþróttafulltrúa bæjarins sem mun verða félaginu innan handar við þau lausn þeirra vandamála sem upp kunna að koma og hugsanlega tilhliðranir í starfsemi hússins þessa daga.

Kostnaður Garðabæjar

Garðabær mun ekki bera neinn kostnað af verkefninu. Líkt og í fyrra mun Stjarnan greiða Garðabæ þann starfsmannakostnað sem leggst til.

Virðingarfyllt,

f.h. UMF Stjörnunnar

Jóhannes Egilsson framkv.stjóri